

VESO ehf.
Selhelli 6
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27. febrúar 2023
UST202301-220/F.K.
07.05.02

Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar- Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending frá Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um efnavöru í Salalaug í Kópavogi sem uppfyllti mögulega ekki skilyrði efnalaga nr 61/2013. Stofnunin vísar í bréf stofnunarinnar til VESO ehf., dagsett þann 9.6.2022, þar sem tilkynnt var um eftirlit í kjölfar ábendingar sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörur sem fyrirtækið VESO ehf. ber ábyrgð á markaðssetningu á uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara	Strikamerki
Kenocid 210 ¼ (20 L)	5414829044087
UN 2922Trans Fluo (25 Kg)	(01)05414829001165(10)1312144965
Virocid (20 L)	(01)05414829018484(10)3132148262

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir VESO ehf. frest til 20.3.2023 til að senda stofnuninni eftirfarandi:

- Fyrir vöruna **Kenocid 210 ¼** skal senda afrit af uppfærðum merkimiðum með tilliti til tungumálakröfu, viðvörunarorða, hættusetninga og varnaðarsetninga og einkvæms formúlauaðkennis (UFI kóða) ásamt myndum til að sýna staðsetningu upplýsinga á vörunni í samræmi við reglugerð nr.415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Einnig skal senda öryggisblöð þar sem bætt hefur verið úr þeim frávikum sem gerð var grein fyrir í eftirlitsskýrslu.

- Fyrir vöruna **UN 2922 Trans Fluo** skal senda afrit af uppfærðum merkimiðum með tilliti til tungumálakröfu, viðvörunarorða, hættusetninga og

varnaðarsetninga ásamt myndum til að sýna staðsetningu upplýsinga á vörunni í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Einnig skal senda öryggisblöð þar sem bætt hefur verið úr þeim frávikum sem gerð var grein fyrir í eftirlitsskýrslu.

- c) Fyrir vöruna Virocid skal senda rökstuðning hættuflokkunar fyrir vöruna og afrit af uppfærðum merkimiðum fyrir vöruna þegar hættuflokkun hefur verið staðfest með tilliti til samræmdrar hættuflokkunar innihaldsefna og miðar hafa verið uppfærðir í samræmi við flokkun með tilliti til viðvörunarorða, hættumerkja, hættusetninga og varnaðarsetninga ásamt símanúmeri birgis, ásamt myndum af vörunum með merkingum til að sýna staðsetningu upplýsinga á vörunum í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.**

Einnig skal senda öryggisblöð þar sem bætt hefur verið úr þeim frávikum sem gerð var grein fyrir í eftirlitsskýrslu.

Fyrirtækið skal jafnframt gera grein fyrir því í hvaða vöruflokki/vöruflokkum Virocid er markaðssett hér á landi og sýna að merkingar á vörunni séu í samræmi við þær upplýsingar. Athugið að ef varan er aðeins sett á markað í vöruflokki 3 krefst hún nú þegar markaðsleyfis skv. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á vörulager verði merktar með uppfærðri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Sendu skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202301-220.

Umhverfisstofnun veitir VESO ehf. hér með frest til 13.3.2023 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 14.3.2023. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 14.3.2023.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Nánari upplýsingar um regluverk sem þetta eftirlit nær til má nálgast á vef Umhverfisstofnunar sem hér segir:

Um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna
<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>

Um öryggisblöð
<https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>

Um sæfivörur
<https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur>

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur (fifa.konradsdottir@ust.is) og Ísaks Sigurjóns Bragasonar (isak.bragason@ust.is), í síma 591-2000 eða í gegnum uppgefin netföng, til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason,
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla